



Reykjavík, 10. mars 2026
USK26020120

Brekkugerði 13 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. mars 2026 var lögð fram fyrirspurn Eyþórs Sigurðssonar, dags. 8. febrúar 2026, um að setja bílskúr á lóð nr. 13 við Brekkugerði, samkvæmt afstöðumynd, ódags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin á já.is


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Brekkugerði 13 borgarhluta 5. Háaleiti-Bústaðir og er hluti af íbúðarsvæði IB33 – Gerði-vestur.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi og skal grenndarkynna allar byggingarleyfis skyldar framkvæmdir. Þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið þarf að skoða erindið út frá byggðarmynstri, fagurfræðilegum áherslum og fordæmisgildi.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 13 við Brekkugerði er einnar hæðar bygging auk kjallara úr steinsteypu og timbri. Húsið var byggt árið 1942 og er skráð einbýlishús í fasteignaskrá. Árið 1967 var 32,6 m² bílskúr við suðausturhlíð hússins. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að byggður verði bílskúr fyrir framan bílastæði/ innkeyrslu að húsi nr. 13 í Brekkugerði.



Afstöðumynd í fylgigögnum fyrirspurnar sýnir bæði fyrirliggjandi og fyrirhugaðan bílskúr.

